



Útsend bréf

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Dóms­málaráð­herra – Menntamálaráð­herra – Bréf – Ásgeir
Pétursson – Forseti Íslands – Samband veitinga- og gisti­húsa­eigenda – Kristinn Guðmundsson – halldór
Pétursson – Leikfélag Reykjavíkur – Norðurlandaráð

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórn­mála­maðurinn
Askja 2-19, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 25. maí 1955.

Herra
Hans Andersen,
París.


Góði vinur.

Ástæðan til þess, að ég skrifa þér er sú, að Þorkell Sigurðsson, vélstjóri (bróðir séra Árna heitins Fríkirkjuprests) er að undirbúa útgáfu korts eða korta, þar sem landgrunnið umhverfis Ísland er sýnt. Kortin eru að vissu leyti fróðleg og höfum við lofað að mæla með því, að skólar kaupi þau. En auk þess mun Þorkell hafa í hyggju að gefa þau út samanbrotin í bókarformi og ætlar að hafa nokkrar ritgerðir með. Segist hafa fengið doktor Sigurð Þórarinsson til að skrifa grein um jarðfræðina. Hann ætlar sjálfur að skrifa eitthvað um dýralífið og leita heimilda í greinar Hermanns Einarssonar um það og bað mig um að fara þess á leit við þig, að þú skrifaðir lögfræðilega greinargerð um landgrunnið og þýðingu þess. Þorkell er gegn maður, alls góðs maklegur, og ef við hjálpum honum ekki um einhverja slíka greinargerð eru auk þess möguleikar á, að hann leiti til einhverra, er minni þekkingu hafa og fullyrðingasamari verði um málið út í bláinn. Mér þætti því vænt um, ef þú treystir þér til að skrifa stutta greinargerð, t.d. örféar síður um þetta efni, og styddir þar með Þorkel í þjasa þessum. Þú íhugar málið og lætur mig vita um undirtektir þínar.

Að lokum þakka ég þér kærlega fyrir síðast og vonast til, að þér og fjölskyldu þinni líði vel.

Með bestu kveðjum.

Þinn einlægur



Reykjavík, 16. sept. 1955.

Góði vinur.

Ég þakka þér bréf þín og þykir ánægjulegt, að vel skuli horfa um framkvæmd hugmynda þinna. Ef af framleiðslu verður, samkvæmt hugmynd þinni, hlýtur hún að vera miklu meira en eitt þúsund dollara virði. Tilboð um slíka greiðslu virðist mér því fjarstætt. Um útvegum góðs ráðunauts og lögfræðings get ég ekki ráðið þér annað, en að leita til Hannesar Kjartanssonar, og er ég viss um, að hann mun verða þér hollráður og veita þá fyrirgreiðslu, sem að notum kemur.

Eins og ég hefi sagt þér áður er gallinn sá, að við á Íslandi erum ekki nógu vel að okkur um þessa hluti, og hér er ekki möguleiki á að framkvæma hinar nauðsynlegu tilraunir. Þess vegna er ekki annað úrræði, en að leita til slíkra aðila, sem þú nú hefur gert, en það verður að tryggja eftir föngum, að þeir misbeiti ekki aðstöðu sinni. Treysti ég því, að Hannes muni styðja þig í þessu og útvega þér örugga leiðbeiningu, að minnsta kosti get ég ekki á annan betri vísað. Ég vona, að þetta gangi allt að óskum, þér líði vel og hefði ég gaman að, ef þú lætir mig fylgjast með því, sem gerist í málum þínum.

Með bestu kveðjum.

Reykjavík, 16. sept. 1955.

Herra skólanefndarformaður
Björgvin Þorsteinsson.

Heiðraði flokksbróðir.

Eg þakka bréf, dags. 15. ágúst s.l.,
sem því miður hefur dregið að svara, vegna
lasleika mín.

Fyrirspurninni í bréfinu gét ég ekki
svarað öðru en því, að þegar ég var staddur
á héraðsmótinu í Egilsstaðaskógi nú í sumar
átti Þórður kennari á Reyðarfirði tal við mig,
um veitingu skólastjórstöðunnar norður þar.
Ég tók máli hans líklega, en þekkti ekkert
til þess og gat því vitanlega enga ákvörðun
tekið, enda verður málið að fá löglega meðferð,
áður en hægt er að ráða því til lykta. Hins
vegar hefi ég góðar fréttir af Þórði, og er

sagt, að hann sé álitlegur maður.
Meira get ég ekki um málið sagt á
þessu stigi.

Með vinsemi og virðingu.

Reykjavík, 2. des. 1955.

Kæri Hannes,

Bjarni Benediktsson biður þig vinsamlega
að kaupa fyrir sig þessar bækur:

- 1) A Democrat Looks at his Party. By
Dean Acheson. (Harper & Bros.)
- 2) The Communist Theory of Law. By
Hans Kelsen. (Frederick A. Prager).
- 3) Night to Remember. By Walter Lord
(Henry Holt & Co.)

Besta kveðja.

Þinn einlægur,

BP

(MINISTER OF EDUCATION)

Reykjavik, June 27 1955.

Messrs. Hugh Rees, Ltd.,
47 Pall Mall,
London S. W. I.

Dear Sirs,

As I have had no answer to my letter of
May 24 1955, I hereby send you a copy of it, in the case
that the letter might have been lost.

Yours sincerely.

For Mr. Benediktsson.

AP.

Reykjavik, June 15, 1955

The Secretary,
Society of British Aircraft Constructors,
32 Savile Row, London, W.I.

Bjarni Benediktsson, Minister of Justice
and Education of Iceland, expresses his thanks for your
kind invitation to attend the Flying Display and Exhibition
at the Royal Aircraft Establishment Farnborough, Hampshire,
in September 1955 and regrets not to be able to avail him-
self of this interesting exhibition, owing to prior
arrangement.

T. A.
- AP -

Reykjavík, 17. nóv. 1955.


Halldór Pétursson, listmálari,
Túngötu 38, Reykjavík.

Bjarni Benediktsson, menntamálaráðherra,
biður þig vinsamlega að teikna fyrir sig jólakort,
eins og í fyrra.

Væri þá sennilega bezt að teikna nokkrar
myndir, sem unnt væri að velja úr.

Viltu gjöra svo vel að láta mig vita, ef
þú getur ekki annast þetta, en ella að gera mér viðvart,
þegar má nálgast frumdrög að myndunum.

Kveðja,



Reykjavik, November 1, 1955.

Messrs. Hugh Rees, Ltd.,
47 Pall Mall,
London, S.W.1.

Gentlemen,

Please send me through the Legation of Iceland,
17 Buckingham Gate, a copy of these books:

1. Sir David Kelly: The Hungry Sheep
2. Harold Nicolson: Good Behaviour
(Coustable & Co., London).
3. Ampersand's "Bellman Books":

Leonard Schapiro: The Future of Russia.

Hugh Seton-Watson: The Revolution of
Our Time.

Denis Healey: Neutralism.

Kindly charge my account for the cost.

Yours sincerely,

Fisher
A. P.

(MINISTER OF EDUCATION)

TO THOSE WHOM IT MAY CONCERN:

I have known Mr. Halldór Jónatansson all his life and do not hesitate to recommend him warmly.

He is an energetic student and a serious-minded young man who will show himself worthy of trust and assistance,

Reykjavik, 28 November 1955

Bjarni Benediktsson
Minister of Justice and Education
of Iceland.

Reykjavik, 7.september'55.

Kære Kollega!

Samtidig med at jeg takker for
Deres venlige indbydelse til nordiskt
justitsministermöde i København i
begyndelsen af oktober i år, vil jeg
meddele at der, hvad mig angår, ikke
er noget at indvende mod det tentativt
anmeldte tidspunkt, 7.og 8.oktober, og
at jeg, bortset fra eventuelle uforudsete
hindringer, vil kunne deltage i mödet.

Med venlig hilsen.

Hr. justitsminister

Hans Hækkerup,

Köbenhavn, Dänmark.

Reykjavík, 10. júní 1955.


Herra skólastjóri
Benedikt Tómasson,
Hafnarfirði.

Þakka yður bréf dags. 26. f.m. Mér var á'nægja að því að geta greitt fyrir útgáfu bókar yðar um líkams- og heilsufræði, með útvegum fjárveitingar í því skyni, þar sem vitað er að bók þessi bætir úr brýnni þörf.

Boð yðar um að fá bókina senda þigg ég fúslega.

Ég vil geta þess hér, þótt að vísu sé ekki endanlega frá öllum orlofsveitingum gengið, að umsókn yðar hefur verið samþykkt. Vona ég að þér hafið bæði gleði og gagn af orlofsárinu.

Með bestu kveðjum.



Reykjavík, 6. júní 1955

Herra Björn Björnsson,
Imperial House,
Kingsway 15-19,
London W.C.2.

Góði vinur,


Þakka bréf þitt dags. 27. f.m., þar sem þú skýrir mér frá því, að Linguaphone Institute í London vilji gefa mér hinn nýja kennsluþátt, er stofnunin hefur látið gera.

Hér er án efs um merkilegt kennslutæki að ræða, sem mér er ánægja að þiggja.

Þakka svo kærlega þinn þátt í þessu, svo og vináttu fyrr og síðar þ.á.m. bókina um bresku flokkana, er þú sendir mér í vetur. Eg óska ykkur hjónum innilega til hamingju með trúlofun dóttur ykkar og vona, að ykkur líði vel.

Með bestu kveðjum.

Þinn einlægur



Reykjavík, 14. nóv. 1955.


Góði vinur.

Væri þér þakklátur, ef þú vildir vinsamlegast kaupa fyrir mig þessar bækur og senda mér á venjulegan hátt:

- 1) Soviet Espionage, by David J. Dallin,
(Yale University Press).
- 2) Memiors, by Harry S. Truman,
Vol. I. (Doubledy & Co.).

Með bestu kveðjum til kunningjanna og von um, að ykkur líði sem best.

Þinn einlægur,




Reykjavík, 5. september 1955

Mér hefur borizt bréf hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps, dags. 30. f.m., þar sem mér er boðið að vera viðstaddur vígslu heimavistarbarnaskólans á Húsbakka í Svarfaðardal.

Eg færi hreppsnefndinni bestu þakkir fyrir boðið en þykir leit, að ég get eigi verið viðstaddur sökum veikinda. Eg mun hins vegar biðja Magnús Jónsson, alþingis-
mann að mæta við vígsluna fyrir mína hönd.

Þeim, sem greitt hafa fyrir byggingu skólans færi ég þakkir og óska þeim og hreppsþáum öllum heilla í tilefni vígslunnar.

Með bestu kveðjum.



Til
hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps,
b/t Hjartar E. Þórarinssonar.


Reykjavik, June 15, 1955.

Messrs. Hugh Rees, Ltd.,
47 Pall Mall,
London S.W.1.

Dear Sirs,

Please find enclosed a check for £10-0-0
which I would like to have added to my account with
your firm.

Sincerely yours

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'M. B. E.', is written below the typed text.

Reykjavik, den 24/8 1955.

Bästa Vän.

Jag har tacksemt emottagit
ditt brev, dat. den 30. juni 1955,
angående utnämning av en isländsk
konsul i Göteborg. Men denne sak hör inte
under mig numera, och därför kan jag ty-
värre ingenting göra åt saken.

Mina bästa hälsningar.

Herr direktör
Ragnar Gabrielsson,
Djurgårdsgatan 10,
Göteborg.

Reykjavík, 9. nóv. 1955.

Dóms- og menntamálaráðherra Bjarni
Benediktsson og kona hans þakka
viðskiptamálaráðherra og konu hans
fyrir boð þeirra til kvöldverðar
föstudaginn 11. nóv., sem þau
þiggja með þökkum.

Reykjavík, 14. 11. 1955.

Menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson
og kona hans þakka forseta Íslands og
konu hans fyrir hádegisverðarboð þeirra
þann 17. nóv. n.k., sem þau þiggja
með þökkum.

Reykjavik, Nov. 21, 1955.

The Minister of Education and
Justice and Mrs. Benediktsson accept
with pleasure the kind invitation of
The Commander Iceland Defense Force
and Mrs. White, at a Smörgåsbord on
Tuesday, the twenty-ninth of November
at seven-thirty o'clock.

Reykjavík, 21. nóv. 1955.

Menntamálaráðherra, Bjarni
Benediktsson og kona hans þakka
Þjóðleikhúsinu boð þess á sýningu
kínversku Óperunnar í Þjóðleikhúsi-
inu, laugardaginn 26. nóv. n.k.,
kl. 20, sem þau þiggja með þökkum.

Reykjavík, 28. nóv. 1955.

Dóms- og menntamálaráðherra Bjarni
Benediktsson og kona hans þakka sendi-
herra Frakka og frú Voillery bóð þeirra
til brúðkaups dóttur þeirra Marie-
Madeleine og H. Harald G. Willassen,
að heimili þeirra, þann 8. desember,
sem þeim er ánægja að þiggja.

Reykjavík, 16. júní 1955.

Menntamálaráðherra, Bjarni
Benediktsson, þakkar boð forseta
læknadeildar og frú Dungal um að
snæða kvöldverð að heimili þeirra,
Suðurgötu 12, en tekur fram, að
hann getur því miður eigi þegið boðið.

Reykjavík, 24.8. 1955.

Menntamálaráðherra, Bjarni

Benediktsson þakkar Kristni Guðmunds-
syni og konu hans boð þeirra til
kvöldverðar föstudaginn 26. ágúst,
en tekur fram, að hann getur því
miður eigi þegið boðið.

Reykjavík, 24.8. 1955.

Menntamálaráðherra, Bjarni
Benediktsson, þakkar Íslandsdeild
Norðurlandaráðs boð þess til hádegis-
verðar laugardaginn 27. ágúst kl.1230,
en tekur fram, að hann getur því miður
eigi þegið boðið.

Reykjavík, 27. sept. 1955

Dóms- og menntamálaráðherra Bjarni
Benediktsson þakkar boð forsætis-
ráðherra Ólafs Thors til kvöldverðar
í Tjarnargötu 32, miðvikudaginn 28.
sept., en tekur fram, að hann getur
því miður eigi þegið boðið.

Reykjavík, 1. okt. 1955.

Dóms- og menntamálaráðherra Bjarni
Benediktsson þakkar boð rektors há-
skólans til hádegisverðar mánudaginn
3. okt. n.k., en tekur fram, að hann
getur því miður eigi þegið boðið.

Reykjavík, 11. okt. 1955.

Menntamálaráðherra Bjarni
Benediktsson og kona hans þakka
boð skólanefndar Verzlunarskóla
Íslands um að sitja 50 ára af-
mælisfagnað skólans að Hótel
Borg 15. okt. n.k., en taka
fram, að þau geta því miður
ekki komið, þar sem þau hafa
þegar þegið annað boð á sama
tíma.

Reykjavík, 11. okt. 1955.

Dóms- og menntamálaráðherra

Bjarni Benediktsson og kona hans
þakka boð borgarstjórans í Reykja-
vík um að koma til kvöldverðar í
Sjálfstæðishúsinu 14. okt. n.k.,
en taka fram, að þau geta því miður
eigi þegið boðið.

Reykjavík, 25. okt. 1955.

Dóms- og menntamálaráðherra, Bjarni
Benediktsson, þakkar boð Leikfélags
Reykjavíkur um að koma til sýningar
félagsins fimmtudaginn 27. okt. n.k.,
en tekur fram, að hann getur því miður
eigi þegið boðið.

Reykjavík, 3. nóv. 1955.

Dóms- og menntamálaráðherra Bjarni
Benediktsson og kona hans þakka Þjóð-
leikhúsinu boð þess um að vera við
sýningu á leikriti þess "Í deiglunni"
laugardaginn 5. nóv. n.k., en tekur
fram, að hann getur því miður eigi
komið.